

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2021, mánudaginn 22. nóvember kl. 13:00 var haldinn 312. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Vala Valtýsdóttir, Guðjón Viðar Guðjónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Páll Gestsson, Björn Gíslason, Hildur Björnsdóttir, að hluta til, og Katrín Atladóttir, að hluta til, en þau fjögur síðastnefndu tóku þátt um fjarfundabúnað. Fulltrúi starfsfólks var Unnur Líndal Karlsdóttir.

Einnig tók Bjarni Bjarnason, forstjóri þátt í fundinum og Bjarni Freyr Bjarnason, starfandi framkvæmdastjóri fjármála OR.

Fundarritari var Íris Lind Sæmundsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 311 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verða send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:10 mættu til fundarins Brynja Kolbrún Pétursdóttir, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra fjármála OR, og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds OR. Lagður var fram árs hlutareikningur vegna fyrstu níu mánaða ársins sem Bjarni Freyr gerði grein fyrir auk þess að gera grein fyrir stöðu fjármögnunar og fjármála að öðru leyti. Brynja Kolbrún gerði sérstaka grein fyrir útgáfu grænna skuldabréfa. *Umræður.*

Árshlutareikningurinn var samþykktur af stjórn.

Þá var lögð fram áhættuskýrsla, dags. 12. nóvember 2021.

3. Lögð var fram starfsáætlun stjórnar fyrir árið 2022. *Starfsáætlunin var samþykkt af stjórn.*
4. Lögð var fram upplýsingatæknistefna OR en lagt er til að hún verði samþykkt óbreytt. *Samþykkt.*
5. Lögð var fram upplýsingaöryggisstefna OR en lagt er til að hún verði samþykkt óbreytt. *Samþykkt.*
6. Klukkan 13:55 mætti til fundarins Edda Sif Pind Aradóttir, framkvæmdastýra Carbfíx, og gerði grein fyrir stöðu mála varðandi einkaleyfisumsókn Carbfíx varðar sem og öðrum atriðum tengdum rekstri Carbfíx. *Umræður.*

Klukkan 14:10 var gert stutt hlé á fundinum á meðan stjórn Orkuveitu Reykjavíkur Eigna ohf. fundaði og afgreiddi svohljóðandi tillögu um fjármögnun sem Edda Sif gerði grein fyrir:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur-eigna ohf. samþykkir allt að 650 milljón króna hlutafjárraukningu í Carbfíx ohf. til að fjármagna rekstur og verkefni Carbfíx á árinu 2022.

Klukkan 14:20 hófst fundur að nýju og hélt Edda Sif þá áfram yfirferð sinni yfir starfsemi og rekstur Carbfíx.

Klukkan 15:00 yfirgaf Hildur Björnsdóttir fundinn og tók Katrín Atladóttir sæti á honum í hennar stað.

7. Klukkan 15:05 mættu til fundarins Elentínus Guðjón Margeirsson, forstöðumaður innkaupa OR, og Snorri Jökull Egilsson, sérfræðingur í umhverfismálum og gerðu þeir grein fyrir vinnu OR við umhverfissvænni og grænni innkaup.
8. Klukkan 15:25 mættu til fundarins Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans og Birna Bragadóttir, formaður stjórnar Ljósleiðarans. Lagt var fram minnisblað, dags. 19. nóvember 2021, um Ljósleiðarann sem Erling Freyr og Birna gerðu nánari grein fyrir auk þess að greina frá stöðu mála og horfum á fjarskiptamarkaði.
9. Klukkan 15:50 mætti til fundarins Magnús Már Einarsson, forstöðumaður aðbúnaðar. Lagt var fram kauptilboð vegna sölu á þremur sumarhúsum OR í Straumnesi við Steingrímsstöð, auk eignarlands, bátaskýlis og báta sem Magnús Már gerði nánari grein fyrir. Óskað er samþykkis stjórnar vegna sölunar og svohljóðandi tillaga lögð fram:

Lagt er til að stjórn samþykki sölu eigna í Straumnesi ásamt öllu fylgifer og 3,6 ha eignarlandi til Atl. ehf. Söluverðmæti er 115 mkr.

Samþykkt.

10. Klukkan 15:55 mættu til fundarins Gestur Pétursson, framkvæmdastjóri Veitna, Hrefna Hallgrímsdóttir, forstöðumaður hitaveitu, og Hildigunnur H. Thorsteinsson, framkvæmdastjóri rannsókna og nýsköpunar, og gerðu þau grein fyrir forðamálum tengdum hitaveitu. Þá var lagt fram minnisblað um stöðu umhverfismælikvarða, dags. 17. nóvember 2021. *Umræður.*
11. Forstjóri lagði fram og gerði grein fyrir skýrslu sinni, dags. 18. nóvember 2021, um starfsemina á milli stjórnarfunda.
12. Engin önnur mál.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:15.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 20. desember 2021.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Páll Gestsson, Vala Valtýsdóttir, Björn Gíslason,
Guðjón Viðar Guðjónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir,
Hildur Björnsdóttir, og Katrín Atladóttir.

Undirritunarsíða

Brynhildur Davíðsdóttir

Hildur Björnsdóttir

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Bjarni Bjarnason

Vala Valtýsdóttir

Guðjón Viðar Guðjónsson

Páll Gestsson

Björn Gíslason

Katrín Atladóttir

Íris Lind Sæmundsdóttir